

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

160-2015i

nr. 160/2014

frá 25. september 2014

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/22/ESB frá 13. febrúar 2014 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun ráðsins 2006/88/EB að því er varðar blóðþorra ⁽¹⁾.
- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/686/ESB frá 25. nóvember 2013 um breytingu á ákvörðun 2009/861/EC um umbreytingarráðstafanir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 að því er varðar vinnslu hrámjólkur, sem uppfyllir ekki kröfur, í tilteknum mjólkurvinnslustöðvum í Búlgaríu ⁽²⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði I. kafla I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 8a (tilskipun ráðsins 2006/88/EB) í hluta 3.1, í lið 5a (tilskipun ráðsins 2006/88/EB) í hluta 4.1 og í lið 4a (tilskipun ráðsins 2006/88/EB) í hluta 8.1:
„– **32014 L 0022**: Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/22/ESB frá 13. febrúar 2014 (Stjtið. ESB L 44, 14.2.2014, bls. 45).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í annan undirlið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/861/EB) 17. liðar (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004) í hluta 6.1 undir fyrirsögninni: „Beita skal bráðabirgðarárástöfunum sem mælt er fyrir um í eftirtöldum gerðum:“
„– **32013 D 0686**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/686/ESB frá 25. nóvember 2013 (Stjtið. ESB L 316, 27.11.2013, bls. 50).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 44, 14.2.2014, bls. 45.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 316, 27.11.2013, bls. 50.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdartilskipunar 2014/22/ESB og framkvæmdarákvörðunar 2013/686/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.